

Komið sæl

Marsmánuður er nú liðinn og var margt brallað í Krílakoti þann mánuð eins og aðra mánuði ársins. Vetrarleikarnir voru frábærir í alla staði, að okkar mati, veðrið dásamlegt og þökkum við ykkur skemmtilega samveru. Það er gaman að fá börn og kennara í 5 bekk og Kátakoti með okkur í fjörið en þar sem þau allra yngstu eru mjög ung heppnaðist vel að hafa litla vetrarleika á lóðinni fyrir þau sem ekki treystu sér í brekkuna eða vildu eiga rólega stund saman. Marsmánuður einkenndist að einhverju leiti að páskafrjóri, fündri á páskaungum og öðru páskastrauti.

Apríl byrjaði með skipulagsdegi starfsfólks þar sem farið var yfir starfsmannakönnun þessa árs og ígrundað hvernig má bæta starfið í heild sinni. Unnið var með leikskólalæsi og söguskjóðuverkefnið kynnt í kjölfarið og nú er byrjað að vinna með Söguskjóðurnar með börnunum. Verkefnið gekk mjög svo vel og hefði ekki orðið að veruleika nema fyrir áhuga og þátttöku foreldra. Takk kærlega fyrir frábært starf. Þórhalla kom til okkar og var með fyrirlestur um þroskafrávik og að lokum var farið í uppbyggingarstefnuna og agastefna skólans skoðuð í þaula. Farið yfir hvað skiptir máli í samskiptum við börnin svo þau læri að taka tillit til annarra, fari eftir reglum og séu góð hvert við annað.

Í apríl eru foreldrasamtöl á Hólakoti og fá foreldrar fljótlega sent fundarboð. Henti tíminn illa er ekkert mál að færa hann til. Tónlistarstundirnar halda áfram með Heimi og allt annað starf helst óbreytt s.s. bókasafnsferðir og hópastarf. Sigrún Ingibjörg er með málörvun nokkrum sinnum í viku og eru það helst elstu börnin sem fara í þær stundir. Markmiðið er að efla málþroska og félagsfærni barnanna, þau spila og spjalla saman í þeim stundum.

Nú 3 apríl byrjaði Guðný Jóna á Skýjaborg og Kolbrún Svana á Hólakoti, við bjóðum þær velkomnar.

Drífa Þórarinsdóttir, leikskólastjóri.

Foreldraráð 2012-2013

Vinum saman að velferð barna okkar og leikskólans.

Erna Þórey (Vala Katrín og Egill Bjarki)
Hanna Kristín (Hákon Þór)
Helga (Eyrún Hekla)
Karl Ingi Atlason (Bríet Þóra)

Foreldrafélag Krílakots Skólaárið 2011-2012

Ágústa Kristín (mamma Magneu)
Guðrún Ósk (mamma Ásdísar Ingu)
Snæþór (pabbi Hólmars Elí)

Stöndum saman að velferð barna okkar



Apríl

Foreldrasamtöl Hólakoti

Dótadagur 5. apríl

(Börnin mega taka með sér 1-2 hluti og við minnum á að leikföng geta skemmst eða glatast svo veljið ekki leikföng sem eru ykkur kærust)
Bleikur dagur 19. apríl

Uppbyggingarstefnan

Sáttmálinn okkar byggir á ákveðnum þáttum sem við teljum mikilvægt að takast á við.

"Vera á sínu svæði"

Nú erum við að leggja áherslu á að börnin séu á sínu svæði (hjá myndinni sinni) í samverustundum og einnig hjá hólfinu sínu þegar farið er í útiveru og bíða eftir aðstoð eða byrja sjálf að klæða sig þau sem geta.

Áhrif



Tilheyra



Frelsi



Gleði



Öryggi



Sýnum jákvæðni og stöndum saman.

Vinsamlegast slökkvið á bíllvéllum

Leggið ekki í stæðið næst skólanum (við inngang skýjaborgar), það er ætlað fötluðum og vöruflutningabílum.



Móðurmál og málörvun

Það er mikilvægt að talað sé við börn og lesið fyrir þau á þeirra tungumáli. Það er besta málörvunin.



Uppeldi til ábyrgðar

Það er mikilvægt að gefa skýr fyrirmæli til að koma í veg fyrir samskiptavanda. Skýr fyrirmæli eru eins og hver önnur vinsamleg tilmæli eða beiðni. Þau eru stutt, einföld, hlýleg, jákvæð, ákveðin og þeim er auðvelt að fylgja. Mikilvægt er líka að sjá til þess að fylgja eftir fyrirmælum sínum.

Dæmi um skýr fyrirmæli: Hengdu útifötin í hólfið þitt og settu skóna í skógrindina.

Dæmi um óskýr fyrirmæli: Æ viltu hætt að henda útifötunum þínum beint fyrir framan hurðina og það á einhver eftir að detta um skóna þína þegar þú setur þá ekki í skógrindina.



Grænfáninn

Pappír er efniviður sem við notum mikið í leikskólanum en hann kostar mikið og mikilvægt að endurnýta og vinna hann. Okkur datt í hug að óska eftir við foreldra að ef þeir kaupa kornflögur að í stað þess að henda öllum kassanum, að klippa stærri hliðarnar úr og færa okkur svo við getum nýtt pappann til að teikna á og mála á.

“Allt er vænt sem vel er grænt”

Uppeldi til ábyrgðar Óskýr fyrirmæli

Fjarlægð.

Nöldur.

Orðgnótt-óljósum fyrirmælum.

Neikvæðum tilfinningum.

Ónógri athygli.

Ókurteisi.

Spurningum.

Sífelldum tilmælum um hvað eigi ekki að gera.

Hótunum og ögrunum.

Fyrirmælum er ekki fylgt eftir.

Uppeldi til ábyrgðar Skýr fyrirmæli

Vera nálægt þeim sem talað er við.

Mynda augnsamband.

Vera nákvæmur og ákveðinn.

Vera vingjarnlegur.

Halda athygli þess sem talað er við.

Vera kurteis.

Nota staðhæfingar.

Segja viðkomandi hvað hann eigi að gera.

Forðast rökræður.

Velja hentugan tíma til að gefa fyrirmælin.

Fylgja fyrirmælum eftir.